

Fundur 18. apríl 2024

Mættir: María, Rósa, Valbjörn, Elísa, Sigurveig

Mál á dagskrá:

Spil og önnur afþreying fyrir skólann vegna fyrirhugaðs farsímabanns:

Ping pong - Elísa kannar málið

Spilastokkar - Sigurveig kaupir og afhendir skólanum

Biðja Kristjönu um að senda pósta á heimili varðandi spil sem ekki er verið að nota eða á að losa sig við að gefa til skólans/unglingadeildar - Sigurveig talar við Kristjönu.

Klifurveggur ræddur, ekki virðist vera pláss í opnu rými skólans til að setja slíkann upp en verið að kanna hvort það gengi upp á svæði yngstu deildar. Útigrill enn í skoðun. Væri betra að það væri boltað niður frekar en að hafa það laust, þannig að ekki þyrfti sífellt að færa það á milli - Rósa skoðar það. Vorhátíðarmál rædd, þyrfti að vera samvinnuverkefni milli skólans og foreldra, skipta verkum milli deilda í undirbúningi, framkvæmd og frágangi. Rætt um að færa yfir á haustið og gera hausthátíð í byrjun skólaárs og þá að hafa á skólatíma í framhaldi af skólasetningu.

Skólapúslsinn kom vel út, ekkert afgerandi varðandi hádegismatinn þar.

Bolir í bláa skólalitinum, rætt um að kaupa boli fyrir allan skólann til að starta málum, gefa fyrsta bekk til að bjóða þau velkomin í skólann en selja til annarra á hausthátíð, gæti þá verið mögulega fjáröflun og þá tæki sá árgangur við/keypti þá af foreldrafélagi. Einnig var rætt um að langt sé síðan síðast voru seldar peysur merktar skólanum sem fjáröflun - María athugar með peysur, m.a. í skólalít.

Ekkert hefur enn gerst með bekkjarkvöld þrátt fyrir útsenda pósta og ítrekun á foreldrasíður á Facebook að halda slík kvöld, aðeins 3 árgangar búnir að gera eitthvað saman.

Samtaka fundir: Elísa og Kristín fóru á síðasta fund. Þar var umræða um símareglur en nefnd er að ljúka störfum varðandi samræmingu skólareglna. Einnig var rætt um námsmat en fræðslustjóri hefur ekki enn svarað fyrirspurn þeirra um þau mál.

Fundi slitið kl. 21:00.